

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Veðrarár 2, Breiðadal, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 31. ágúst 2009 var samþykkt deiliskipulag í landi Veðrarár 2, sunnan Breiðadalsár í landi Breiðadals, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið felur í sér heimild til byggingar Breiðadalsvirkjunar. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði 150 kW og virkjað fall verði um 200 m. Vatnsöflun byggist á nýtingu lindarvatns og yfirborðsvatns í Nautaskál.

Deiliskipulagið var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 12. mars 2010.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2010